

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði mánudaginn 10. apríl 2017 vegna dómarskýrsludags. 3. apríl 2017, þar sem tilkynnt var að lið ÍR-A hefði ekki verið í samstæðum búningum í 19. umferð deildarkeppni karla sem fram fór sama dag. Samkvæmt dómarskýrslu var enginn leikmanna eins klæddur og einn leikmanna klæddur í snjáðar gallabuxur.

Í 18. gr. reglugerðar KLÍ um keilumót segir:

„Búningar.

Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Dómari skal veita hverjum þeim leikmanni áminningu sem ekki fylgir þessu ákvæði.“

Í 7. gr. reglugerðar KLÍ um aganefnd KLÍ segir:

„Ef leikmenn liðs leika ekki allir í eins búningum, eins og kveðið er á um í reglugerð um keilumót, er aganefnd heimilt að dæma félagið í allt að 5.000 kr. sekt.“

Úrskurðarorð

ÍR greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 2.500 kr.

Gunnar Þór Ásgeirsson, formaður aganefndar
Hörður Ingi Jóhannsson
Böðvar Már Böðvarsson